

Fornleifarannsókn

Fornleifarannsókn vega lagningu strengs VM5 frá Rimakoti

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Febrúar 2024

NV nr. 04-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Febrúar 2024
Skýrsla nr: 04-24	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna lagningu strengs VM5 frá Rimakoti		Blaðsíður: 25 Upplag: 5
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 3 Gerð skýrslu/Verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Mýrdalshrepp
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning vegna lagningu á streng frá Rimakoti og út í sjó		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning	Lykilorð ensk: Archaeological Survey	
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Yfirfarið af:	

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	2
1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	4
2.2 Skráning fornleifa.....	5
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....	6
3.1 Rimakot Saga.....	6
3.2 Fornleifaskráning	8
Eldra númer: RA-120:001 1, Rimakot 163883-120-01	8
4. NIÐURSTÖÐUR	23
5. Tillögur af mótvægisaðgerðum.....	24
6. HEIMILDASKRÁ.....	25
Kort.....	Error! Bookmark not defined.

1. INNGANGUR

Að beiðni Smára Jónssonar fyrir hönd Landsnets gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða skráningu á lagnaleið frá tengivirki við Rimakot og út í sjó. Skráning fór frá árið 2008 og var gerð af skýrsluhöfundi og birtist í skýrslunni *Fornleifakönnun Vegna lagningu rafstrengja frá Bakkafjöru til Vestmannaeyja*¹. Einnig gerði skýrsluhöfundur könnunarskurð vegna



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu.

framkvæmda sem birtist í skýrslunni *Fornleifarannsókn á rúst í landi Rimakots í Rangárvallasýslu* eystri². Bjarni F. Einarsson gerði fornleifaskráningu vegna Rimakotslínu 2 sem birtist í skýrslunni *Rimakotslína 2 Fornleifaskráning í Rangárvallasýslu vegna lagningu rafstrengs frá Hvolsvelli að Rimakoti*³. Að lokum var gerð rannsókn sem birtist í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses. *Lagning jarðstrengs á Suðurlandi: deiliskráning í Skaftártungu, Álftaveri, Þingvöllum og Austur-Landeyjum*⁴. En sú skýrsla náði rétt yfir bæjarhól Rimakots.

Við vettvangsskráningu í janúar 2024 kom í ljós að könnunarskurðir höfðu verið gerðir við hliðina á stöðvarhúsi og voru þeir enn opnir. Við eftirgrennslan kom í ljós að skýrslu hafði ekki verið skilað til Minjastofnunar, líklega vegna þess að stutt er síðan rannsókn fór fram. Ekki er því ljóst hver niðurstaða þeirra rannsókna er, en þó hafði eitt hús verið grafið upp.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Einnig var notast við drónamyndir teknar á svæðinu.

¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2008.

² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013

³ Bjarni F. Einarsson. 2022

⁴ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstjóri. 2019

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3193 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3193-001. Þar sem hluti minja hefur verið skráð áður er gamla skráningarnúmerið með þar sem það á við.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Rimakot Saga

Í jarðabók Árna og Páls segir „Meinast í fyrstu bygt úr Öndarstaða landi, hafamenn til merkis að löndin liggja saman ósundurskift.“ Rimakotshjáleiga byggð um 1660 en lagðist í eyði 1707 í Stórubólu, einnig er eyðibýlið Stakkholt talið með jörðinni, en það var 12 hdr jörð sem lagðist í sand um 1670. Bústofn 4 kýr, 5 aer, 2 sauðir og 3 hross. „Á engjar fýkur sandur“. ⁵

Í Afmælisgrein sem birtist um Pál Jónasson frá Rimakoti í tímanum Fimmtudagur 25. ágúst 1994 er sorgleg saga síðustu íbúa Rimakots og fær hún að birtast hér óstytt enda góð lýsing á bænum og lífinu þar.

„Býli lítið syðst og austast í Austur Landeyjum hét Rimakot. Túnið var afar lítið og með firna háum þúfum. Taðkvöð var sett ofan á hæstu þúfurnar á vorin og malaður fjóshaugurinn frá haustinu. Svo var ausið yfir þýfið með trogi. Forina báru tveir menn á milli sín í stampi og skvettu út. Tilunnandi fylgdu kotinu, stutt fjara, kölluð Gunnarsholtsfjara. Leiguliði mátti af náð hirða stuttar spýtur, en öll tré þrjár álnir og lengri átti hann að flytja heim og geyma uns jarðardrottni þóknaðist að sækja þau. Rimakot var sjóbær. Ábúendur áttu 4- og 6-manna för og öfluðu drjúgt. Fiskurinn hélt líftórunni í fólkinu þegar útmánaðasulturinn svarf að. Á vertíð var stóru Landeyjaskipunum haldið úti frá Vestmannaeyjum. Þá er heim kom var farið að róa á vorbátunum út frá Sandinum. Vorið 1893 fórust áhafnir tveggja Landeyjaskipa, 24 menn úr Austur Landeyjum, allir á góðum aldri. Þá drukkuðu bræður tveir frá Rimakoti, Guðmundur og Jón Þorsteinssynir, báðir Sandaformenn og áttu fyrrnefnd 4- og 6-manna för. Heimilið leystist upp. — Þetta rifjast upp þegar blöð sögðu frá því, að Páll Jónasson frá Rimakoti hafi átt hundrað ára afmæli 12. maí 1994. Jónas Þorvaldsson (1849-1911) var um þessar mundir vinnumaður á Tjörnum undir Eyjafjöllum. Hann var einn skipverja Sigurðar Þorbjörnssonar, sem fórst þetta örlagaár, ásamt skipshöfn sinni. Jónas náði ekki til skips í tæka tíð þennan dag enda sjávargatan löng. Áður komst Jónas í mikinn háska þegar skipi Magnúsar á Búðarhóli barst á í lendingu við Sandinn og tíu

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1913-1917:111-112

týndu lífi en tveir komust af, Jónas og annar maður, meðan það barst til lands. Jónas fékk nú ábúð á kotinu og flutti þangað á fardögum 1893 ásamt konu sinni Jóhönnu Jónsdóttur (1866- 1894), sem verið hafði vinnukona á Tjörnum. Jónas var þá tveimur árum betur en fertugur og Jóhanna 26 ára. Afmæli hennar naut skammt við búskap í Rimakoti því að hún andaðist 31. maí 1894. Jónas stóð nú einn uppi með Pál son sinn, kornabarn. Þá er Jónas flutti að Rimakoti voru þar fyrir mæðgur, Sigríður Árnadóttir og Þorgerður, 16 ára. Sigríður bjó allmörg ár með Guðmundi Diðrikssyni, bróður Þórðar Mormónabiskups. Sigríður var fyrri kona Guðmundar og áttu þau 8 börn. Jörðin var lítil og heimilið leystist upp sökum fátæktar. Sigríður var vinnukona í Rimakoti og Þorgerður fylgdi henni. Sigríður varð fljótlega bústýra hjá Jónasi bónda. Árið 1898 var Þorgerður skráð ráðskona, þá 21 árs. Þá voru 7 manns til heimilis í Rimakoti. Þröngt hafa sáttir mátt sitja. Hinn 6. júlí 1902 gengu í hjónaband Jónas Þorvaldsson ekill, 50 ára, og Þorgerður Guðmundsdóttir, bústýra hans, 24 ára, gift í Krosskirkju í Landeyjum. Börn þeirra voru fjögur: Guðjón smiður, vinnumaður nokkur ár í Landeyjum, bjó í Vestmannaeyjum en síðustu árin á Fáskrúðsfirði, Jóhann, f. í Rimakoti árið 1906, Sigurveig og Karl, tvíburar, fædd 1909 í Rimakoti. Jóhann ólst upp í Gularási í Landeyjum. Hann var síðari árin veghefilsstjóri í Rangárvallasýslu og bjó í litlu húsi á bökkum Markarfljóts. Karl var vélsmiður, bjó á Selfossi og Eyrarbakka. Við Karl vorum leikfélagar. Hann var þrúður piltur, svo að aldrei slettist upp á venskap okkar. Sigurveig giftist Ármanni Guðmundssyni frá Akurey í V- Landeyjum. Hún er nú ein á lífi barna Þorgerðar og Jónasar, býr að Eyrarbakka. Guðjón Jónasson andaðist á Fáskrúðsfirði 1965 og bræðurnir Karl og Jóhann árið 1980. Allir voru þeir bræður miklir hagleiksmenn. Í lágun og loftlitlum sveitabaðstofum réðust örlög kynslóðanna. Þar leit mannfólkið fyrst sól, lifði og dó. Í Rimakoti andaðist unga konan Jóhanna árið 1894 frá Páli syni sínum nýfæddum og eiginmanni. Árið 1903 dó þar ungur piltur, systursonur Jónasar bónda og Sigríður, móðir Þorgerðar, andaðist vorið 1910. Jónas bóndi rak lestina ári síðar, vorið 1911, hinn síðasti sem kvaddi heiminn í Rimakoti. Foreldrar mínir þekktu Pál. Þau fóru að búa í Rimakoti eftir að Þorgerður hætti búskap. Ég sá Pál einu sinni; það var eftir 1920. Hann kom að Úlfstöðum þar sem foreldrar mínir áttu þá heima. Ég man enn ab hann sat á rúminu mínu, vib baðstofuborðið og drakk kaffi. Hann var líflegur maður og skemmtilegur, hló hressilega. Mér fannst þessi góði gestur blátt áfram glæsilegur. Hann var aufúsgestur í fábreytni tilverunnar á þessum árum. Páll segir svo frá, ab þá er faðir

hans dó leystist heimilið upp. Hann gerðist þá vinnumaður átján ára á næsta bæ, Önundarstöðum. Þar bjuggu þá sæmdarhjón, Ársæll Ísleifsson og Anna Þórðardóttir. Ársæll fáskiptinn hæglætismaður og Anna húsmóðirin hlýleg og góðlynd. Kona í Hafnarfirði var kaupakona á Önundarstöðum eitt sumar fimmtán ára. Hún sagði, „ég held að ég gleymi aldrei hvað Anna á Önundarstöðum var mér góð húsmóðir þetta sumar“⁶

3.2 Fornleifaskráning

Númer: 3193-001

Eldra númer: RA-120:001 1, Rimakot 163883-120-01

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Rústir

Staðsetning: 442015 341023

Lengd: 72 m

Breidd: 54 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Um 25 m austur af stöðvarhúsi Landsnets er bæjarhóll Rimakots

⁶ Tíminn Fimmtudagur 25. ágúst 1994 Afmælisgrein Páll Jónasson frá Rimakoti 100 ára.



Mynd 2 Bæjarhóll Rimakots. Drónamynd MHH tekið í austur.

Minjalýsing: Bæjarhóllinn er 72 m NV-SA og 54 m N-S. Á bæjarhólnum standa bæjarhús síðasta bæjarins á Rimakoti sem fór í eyði árið 1919.⁷

Bæjarhóllinn stendur vel upp úr sléttu umhverfinu í kring og er vel gróinn.

Bæjarhúsin hafa snúið í suður og að baki þeirra er líklega stór hlaða. Bærinn viðist hafa verið dæmigerður sunnlenskur burstabær og hafa framhúsin verið fimm og tvö rými aftanvið og annað hugsanlega eldhús. Hleðslur eru um 1/5 m á hæð og greinileg herbergja skipan. Hellugrjót sem notað var í þak liggur á víð og dreif ásamt röftum og öðrum við sem notaður hefur verið í bæinn. Breidd veggja er frá 2-4 m og innrými flestra hólfa er um 2-4 m.

Líklegt er að bærinn hafi verið hlaðin úr torfi og grjóti að sunnlenskum sið, en þó virðist nokkuð mikið torf hafa verið notað við byggingu bæjarins. Bærinn er vel skráður og hefur verið mældur inn og skráður af þremur stofnunum. **Bæjarhóllinn er ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda er en hafður með hér sökum nálægðar við framkvæmdir.**

⁷ Sunnlenskar Byggðir 1982 bls. 268

Númer: 3193-002

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: 441939,340962

Lengd: 109 m

Breidd: 1.5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 115 m SSV af tengivirki í Rimakoti niður á túninu er garður.

Minjalýsing: Garðurinn liggur í boga og innan hans til norðurs er blaut dæld sem er lægri og gæti hafa verið mótökusvæði. Garðurinn er lár eða um 30 cm og gróinn.



Mynd 3. Garður [002] og sér í blauta dæld sem mögulega er mótökusvæði. Tekið í austur. Ljós. MHH

Númer: 3193-003

Hlutverk: Mógrafir/ torftaka

Tegund: Dæld

Staðsetning: 441905 340987

Lengd: 68 m

Breidd: 41 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Rétt norðan við garð [002] og 100 m sunnan við spennustöð Landsnet er dæld. Dældin fyllist af vatni stundum en virðist þorna á milli. Líklega er um að ræða svæði þar sem mót eða torf var tekið. Sé móta fyrir fjórum gröfum utan við var sem vatn safnast í dæld.



Minjalýsing: Ein stór dæld sem er líklega svæði þar sem torf eða mór var tekið. Lögun

Mynd 4. Dældin sem er full að vatni og ofarlega sér fyrir kassalaga mógröfum. Skurður[004] hefur verið grafinn frá svæðinu til að hleypta vatni frá.

dældarinnar bendir til að hún sé manngerð. Minni mógrafir sjást við hliðina sem litlir kassar. Skurður [003] hefur verið grafinn frá svæðinu til að veita vatni frá.

Númer: 3193-004

Hlutverk: Handgrafin skurður

Tegund: Áveita

Staðsetning: 441872,340983

Lengd: 47 m

Breidd: 1.5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Frá dæld [003] hefur verið grafinn skurður til að veita vatni frá. Skurðurinn liggur í SSV.

Minjalýsing: Skurðurinn er 47 m lagaur og nokkuð beinn en er mjög gróinn. Hann tekur í sundur garðinn [002] sem liggur í boga utan um dældina [003] og er því yngri en garðurinn. Hann virðist það gróinn að líklega er um handgrafin skurð að ræða sem er skráningarskyldur.



Mynd 5. Skurðurinn frá Dældinni. Drónamynd MHH

Númer: 3193-005

Hlutverk: Óþekkt/útihús ?

Tegund: Rúst

Staðsetning: 441877 340955

Lengd: 9 m

Breidd: 8 m


Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 5 m suður af garði [002] og um 130 m SSV af tengivirki Landsnet er rúst.

Minjalýsing: Rústin er 9 m frá A-V o8 M NS og virðist opin í vestur. Veggir eru sokknir og útflattir og eru um 30 cm á hæð. Breidd veggja er um 1.2 m



Mynd 6. Rúst [005] tekið í SV. Ljós MHH



Teikning 1. Teikning af rúst [005]

Númer: 3193-006

Hlutverk: Óþekkt/ útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: 441906 340943

Lengd: 6.5 m

Breidd: 6.0 m


Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 9.5 m suður af garði 002 og um 100 m suður af tengivirki Landsnet er rúst.

Minjalýsing: Rústin snýr með op í NNV og er 6.5 m að lengd og 6.0 m á breidd og veggir eru um 0.5 m á hæð og mjög grónir.



Mynd 7. Mynd af rústinni [006] tekið í austur. Ljós. MHH



Teikning 2. Teikning og innmæling af rúst [006]

Númer: 3193-007

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rustabunga

Staðsetning: 4411920 340948

Lengd: 10.5 m

Breidd: 6.0 m

Ástand: Mjög slæmt


Staðhættir: Um 10 m NA af rúst [006] og 4 m frá garði [002] og um 100 s af spennustöð Landsnet er rústabunga

Minjalýsing: Ekki er hægt að greina neina veggj en virðist vera að um sé að

ræða fallið útihús og gróið torfhrun, Sker sig vel úr umhverfi. Stærð þústarinnar er 10.5x6.0 m og hæð um 0.20 m



Mynd 8. Þústin eða rústabungan er greinileg á myndinni sem er mikið hrunin. Drónamynd. MHH



Teikning 3. Teikning sem sýnir rústir afstöðu milli rústa [005][006][007].

Númer: 3193-008

Hlutverk: Áveituskurður

Tegund: Áveita

Staðsetning: 341768 340856

Lengd: 591 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmileg

Staðhættir: Áveituskurður liggur SSV NNA inn á túnið sem skráð var en inn á því svæði er skurðinn 55 m.

Minjalýsing: Skurðurinn er alls um 591 m á

lengd en inn á svæðinu sem skráð var er hann um 55m að lend og er orðin nokkuð gróinn.



Mynd 9. Áveituskurðurinn liggur skáhalt inn á svæðið sem afmarkast af girðingu um 55 m liggja inn á svæðinu. Tekið í S. Drónamynd. MHH

Númer: 3193-009

Hlutverk: Gerði

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: 441738 340805

Lengd: 11 m

Breidd: 19 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Fast við girðingu er gerði sem hefur verið ferkantað og sést það á gömlu loftmyndum en svo var lögð girðing þvert yfir það og hefur hluti gerðisins sem er vestan megin við girðinguna nær horfið vegna þess að hestum er beitt á það stykki en er heileigra á lóð Landsnets sem er ekki beitt.

Minjalýsing: Gerðið er að hluta inn á skráningarsvæði. Hæð veggja er um 30 cm og stærð þess 11x19 m



Mynd 10. Gerðið myndin er tekin af þeim hluta sem er inn á lóð Landsnet. Ljóms. MHH. Tekið í SV

Númer: 3193-010

Hlutverk: Óþekkt/ útihús ?

Tegund: Rústahóll


Staðsetning: 441759
340768

Lengd: 13 m

Breidd: 14 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 10 m suður af gerði [009] er þúst og sér móta fyrir ógreinilegum veggjum á hólnum.



Mynd 11. Neðarlega fyrir miðri mynd má sjá rústahólinn og á honum veggjabrot. Í efra hægra horni má greina gerði [009] Drónamynd MHH.

Minjalýsing: Hóllinn rís upp

úr landinu og er nokkuð greinilegur og er stærð hans 13x14 m en á háhólnum má greina veggjabrot af litlu húsi. Brotin mælast 5x7 m.

Númer3193- 011

Hlutverk: : Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: 441759 340768

Lengd: 5 m

Breidd: 7 m


Ástand: Mjög slæmt

Staðhættir: Ofan á rústahól [010] eru leifar af torfveggjum.



Minjalýsing: Þeir eru mjög útflattir og *Mynd 12. Rúst á rústahól [010] tekið í V. Ljós, MHH*

erfitt að gera sér grein fyrir hvar inngangur hefur verið í bygginguna en líklega hefur það verið til vesturs. Um hefur verið að ræða mjög lítið hús. Veggir eru um 0.20 m á hæð.



Teikning 4. Sýnir að minjarnar eru töluvert frá streng og ekki í neinni hættu.

Númer: 3193-012

Eldra númer: Grafið í þessa

Hlutverk: Aðhald/gerði

Tegund: Rúst

Staðsetning: 441716 340613

Lengd: 6 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Fast við veginn niður á sandinn er rúst. Í þessa rúst var grafin könnunarskurður árið 2013 og í niðurstöðum segir „Ljóst var við rannsóknina að um er að ræða aðhald



Mynd 13. Rúst [012] var rannsökuð 2013 með könnunarskurði

fyrir búfénað. Aldrei hefur verið þak á þessari rúst. Þetta sást á áfoknum sandi sem var í og á milli allra laga, greinilegt að sandfok er töluvert á þessu svæði. Ekki var um villst að þetta hefur verið aðhald fyrir dýr. Líklega er það ekki mjög gamalt því en mátti finna lykt af sauðataði af gólflaginu. Líklegt er að þetta aðhald hafi verið í notkun samhliða búskap á Rimakoti jafnvel síðar. Rimakot fór í eyði árið 1919. Eftir að komið var niður á óhreyft var gerð lítill könnunarhola til að athuga með þekkjanleg gjóskulög eins og K 1500 eða landnámslag. Katla 1500 fannst á 120 cm undir óhreyfðu og því ljóst að rústin hefur verið í notkun löngu eftir að það lag féll og styður þá kenningu að þetta aðhald sé frá því Rimakot var í byggð. Umrædd rúst er því að öllum líkindum aðhald fyrir sauðfé sem aldrei hefur verið þak á og líklega verið í notkun á fyrrihluta 20. aldar.⁸

⁸ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013:2

Minjalýsing: Vegurinn hefur verið sveigður frá rústinni þannig að hún er ennþá heil og er 6 m á lengd og 4 m á breidd. Veggir um 0.30 m.



Mynd 14. Ljósmynd af könnunarskurði sem gerður var í rúst [012] árið 2013



Mynd 15. Rúst [012] rústin hefur verið rannsökuð.

Númer: 3193-013

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: 441556 340426

Lengd: 11 m

Breidd: 7 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Við endann á túninu þar sem hlið er niður á sandinn og skurður liggur þvert er rúst.

Minjalýsing: Rústin stendur á grasbala og er 11x7 m á stærð og



Mynd 16. Rúst [013] tekið í norður. Drónamynd, MHH

eru veggir um 1.5 m þykkir og sjást vel á þrjá vegur en norðurveggur er nær alveg horfin. Hæð veggja er um 50 cm

Númer: 3193-014

Hlutverk: óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: 441526 340414

Lengd: 13 m

Breidd: 7 m

Ástand: Slæmt


Staðhættir: Um 17 m í SSV frá rúst [013]

er önnur mjög áþekkt rúst. Sú stendur nærri skurði sem endar túnið. Slóði liggur á milli rústanna.

Minjalýsing: Rústin stendur rétt við skurðinn og er 13 m á lengd og 7 m á breidd. Norðurveggur hennar er líka ógreinilegri en sá syðri. Hæð veggja er um 0.4 m og breidd um 1. M




Mynd 17. Rúst [014] tekið í vestur úr drónna MHH.



Teikning 5. Rústir [013] og [014]

4. NIÐURSTÖÐUR

Strengurinn sem fyrirhugaður er liggur frá tengivirki og niður á sandinn og út í haf. Liggur hann 13 m vestur af vegi sem lagður var niður á sandinn. Allt svæðið sem er athafnasvæði Landsnets var skráð en það er um 144 m breitt og afmarkast af skurði til austur og girðingu til vesturs og er sunnan við spennitstöð. Alls voru 14 minjar skráðar á svæðinu. Strengurinn hefur bein áhrif á þrjár þeirra. Hann fer yfir garðlag [002] og í jaðar á mó eða torftökusvæði [003] og yfir þúst [007]. Einnig er hann aðeins 2.5 m frá rúst [006] og líkleg að sú rúst verði fyrir áhrifum við lagningu strengsins. Aðrar rústir teljast ekki í bráðri hættu vegina framkvæmdarinnar.



Mynd 18. Minjar sem eru í mestri hættu vegna lagningu strengs sem er appelsínugulur á teikninguni.

5. TILLÖGUR AF MÓTVÆGISADGERÐUM

Númer minja	Staðsetning	Tegund	Hættumat	Hætta vegna	Tillaga að mótvægisadgerð
3193-001	442015 341023	Bæjarhóll	Engin hætta	Inn á röskunarsvæði 10 m frá streng	Engar
3193-002	441939,340962	Garður	Mikil hætta	Fer yfir garð	Leyfi til röskunar/könnunarskurður
3193-003	441905 340987	Torf/ mógrafir	Mikil hætta	Fer yfir svæði	Leyfi til röskunar
3193-004	441872,340983	Handgrafin skurður	Engin hætta	Utan röskunarsvæðis	Engar
3193-005	441877 340955	Rúst	Engin hætta	Utan röskunarsvæðis	Engar
3193-006	441906 340943	Rúst	Mikil hætta	Inn á röskunarsvæði. 2.5 m frá streng	Merkja þarf minjar/Könnunarskurð
3193-007	4411920 340948	Rústarbunga	Mikil hætta	Strengur fer yfir rúst	Athuga þarf eðli og umfang með könnunarskurði eða leyfi til röskunar
3193-008	341768 340856	Áveituskurður	Engin hætta	Utan röskunarsvæðis	Engar
3193-009	441738 340805	Hleðsla	Engin hætta	Utan röskunarsvæðis	Engar
3193-010	441759 340768	Rústahóll	Engin hætta	Utan röskunarsvæðis	Engar
3193-011	441759 340768	Rúst	Engin hætta	Utan röskunarsvæðis	Engar
3193-012	441716 340613	Rúst	Lítill hætta	7 m frá rúst	Búið að rannsaka rústina/
3193-013	441556 340426	Útihús/rúst/	Lítill hætta	Innan röskunarsvæðis 10 m	Merkja þarf minjar
3193-014	441526 340414	Útihús/rúst/	Lítill hætta	Utan röskunarsvæðis	Merkja þarf minjar

6. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi. Hið íslenska fræðafjelag,

Herforingaráðskort 69 NV: Vík. 1:10.000. Mælt 1903.Landmælingar Íslands.

Bjarni F. Einarsson. *Rimakotslína 2 Fornleifaskráning í Rangárvallasýslu vegna lagningu rafstrengs frá Hvolsvelli að Rimakoti*. Fornleifafræðistofan 2022.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifarannsókn á rúst í landi Rimakots í Rangárvallasýslu eystri*. Náttúrustofa Vestfjarða Júlí 2013 NV nr. 15-13

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifakönnun vegna lagningu rafstrengja frá Bakkafjöru til Vestmannaeyja*.Byggðasafn Árnesinga 2008/4.


Ragnheiður Gló Gylfadóttir et Al. *Lagning jarðstrengs á Suðurlandi: deiliskráning í Skaftártungu, Álftaveri, Þingvöllum og Austur-Landeyjum*. Fornleifastofnun Íslands ses. FS765-19081 Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2019

Tíminn Fimmtudagur 25. ágúst 1994 Afmælisgrein Páll Jónasson frá Rimakoti 100 ára.


Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

7. HNITASKRÁ


Númer minja	Staðsetning
3193-001	442015 341023
3193-002	441939,340962
3193-003	441905 340987
3193-004	441872,340983
3193-005	441877 340955
3193-006	441906 340943
3193-007	4411920 340948
3193-008	341768 340856
3193-009	441738 340805
3193-010	441759 340768
3193-011	441759 340768
3193-012	441716 340613
3193-013	441556 340426
3193-014	441526 340414



Mynd 19. Svæðið afmarkast af skurðum og er mjóa ræman sem er á milli og er ljósari.



Mynd 20. Svæði án loftmyndar.



Mynd 21. Teikning af minjum sem eru bæ

